

## Tillaga um vinnustöðvun á hótélum 2/2

Fundur samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 28. febrúar 2019 kl. 20:00 í salarkynnum Eflingar Guðrúnartúni 1 samþykkir að láta fara fram atkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar skv. 15. grein laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Vinnustöðvunin taki til félagsmanna Eflingar á neðangreindum vinnustöðum sem vinna skv. kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem rann út þann 31. desember 2018.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessara kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin taki til allra þeirra starfa sem unnin eru samkvæmt ofangreindum samningi á neðangreindum vinnustöðum. Allir neðangreindir vinnustaðir eru á félagssvæði Eflingar sem nánar tilgreint er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Greidd verða atkvæði samkvæmt heimildarákvæði 2.mgr. 15.gr. laga nr. 80/1938 og skal kjörskrá sett saman með tilliti til þess og á henni þeir félagsmenn Eflingar sem í hlut munu eiga. Vinnustaðirnir sem vinnustöðvunin tekur til eru eftirtaldir:

<i>Nafn hótels</i>	<i>Staðsetning</i>	<i>Kennitala*</i>	<i>Keðja/eigandi*</i>
<b>Fosshótel Reykjavík</b>	Þórunnartún 1, 105 Rvk.	691209-4740	Fosshótel Reykjavík ehf.
<b>Grand Hótel Reykjavík</b>	Sigtún 38, 105 Rvk.	630169-2919	Íslandshótel hf.
<b>Fosshótel Baron</b>	Barónsstígur 2-4, 101 Rvk.	630169-2919	Íslandshótel hf.
<b>Hótel Reykjavík Centrum</b>	Aðalstræti 16, 101 Rvk.	630169-2919	Íslandshótel hf.
<b>Fosshótel Rauðará</b>	Rauðarárstígur 37, 105 Rvk.	630169-2919	Íslandshótel hf.
<b>Fosshótel Lind</b>	Rauðarárstígur 18, 105 Rvk.	630169-2919	Íslandshótel hf.
<b>Hilton Reykjavík Nordica</b>	Suðurlandsbraut 2, 108 Rvk.	621297-6949	Flugleiðahótel ehf.
<b>Icelandair Hótel Reykjavík Natura</b>	Nauthólsvegur 52, 101 Rvk.	621297-6949	Flugleiðahótel ehf.
<b>Icelandair Hótel Reykjavík Marina</b>	Mýrargata 2-8, 101 Rvk.	621297-6949	Flugleiðahótel ehf.
<b>Canopy Reykjavík – City Centre</b>	Smiðjustígur 4, 101 Rvk.	621297-6949	Flugleiðahótel ehf.
<b>Reykjavík Konsúlat hótel</b>	Hafnarstræti 17-19, 101 Rvk.	621297-6949	Flugleiðahótel ehf.
<b>Hótel Plaza CenterHotel</b>	Aðalstræti 4, 101 Rvk.	450905-1430	Miðbæjarhótels/Centerhotels ehf.
<b>CenterHotel Miðgarður</b>	Laugavegur 120, 101 Rvk.	450905-1430	Miðbæjarhótels/Centerhotels ehf.
<b>Hótel Arnarhvoll CenterHotel</b>	Ingólfsstræti 1, 101 Rvk.	450905-1430	Miðbæjarhótels/Centerhotels ehf.
<b>Hótel Þingholt CenterHotel</b>	Þingholtsstræti 3-5, 101 Rvk.	450905-1430	Miðbæjarhótels/Centerhotels ehf.

<b>Hótel Klöpp CenterHotel</b>	Klapparstígur 26, 101 Rvk.	450905-1430	Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.
<b>Hótel Skjaldbreið CenterHotel</b>	Laugavegur 16, 101 Rvk.	450905-1430	Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.
<b>Exeter Hotel</b>	Tryggvagata 12, 101 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Reykjavík Lights Hotel</b>	Suðurlandsbraut 12, 108 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Skuggi Hótel</b>	Hverfisgata 103, 101 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Hótel Borg</b>	Pósthússtræti 9-11, 101 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Storm Hótel</b>	Þórunnartún 4, 105 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Sand Hótel</b>	Laugavegur 34, 101 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Apótek Hótel</b>	Austurstræti 16, 101 Rvk.	601299-7049	Keahótel ehf.
<b>Hótel Cabin</b>	Borgartún 32, 105 Rvk.	701202-2280	Cabin ehf.
<b>Hótel Klettur</b>	Mjöllnisholt 12-14, 105 Rvk.	470311-0450	Hótel Klettur ehf.
<b>Hótel Örk</b>	Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði	710398-2919	Örkin Veitingar ehf.
<b>Radisson BLU Hótel Saga</b>	Hagatorg 1, 107 Rvk.	461015-0340	Hótel Saga ehf.
<b>Radisson BLU 1919 Hótel</b>	Pósthússtræti 2, 101 Rvk.	460405-0920	Hótel 1919 ehf.
<b>Hotel Viking</b>	Víkingastræti 1-3, 220 Hfj.	630490-1119	Fjörukráin ehf.
<b>Hótel Holt</b>	Bergstaðastræti 37, 101 Rvk.	420502-5910	Hótel Holt Hausti ehf.
<b>Hótel Frón</b>	Laugavegur 22a, 101 Rvk.	420498-3229	Hótel Frón ehf.
<b>Hótel Óðinsvé</b>	Þórsgata 1, 202 Rvk.	670514-0640	Hótel Óðinsvé hf.
<b>The Capital Inn</b>	Suðurlíð 35d, 105 Rvk.	690208-0320	CapitalHotels ehf.
<b>City Center Hotel</b>	Austurstræti 6, 101 Rvk.	471204-2340	Hótelkeðjan ehf.
<b>City Park Hotel</b>	Ármúli 5j, 108 Rvk.	631215-1220	City Park Hótel ehf.
<b>Kex Hostel</b>	Skúlagata 28, 101 Rvk.	621010-0500	Kex Hostel ehf.
<b>101 Hótel</b>	Hverfisgata 10, 101 Rvk.	580797-2299	101 (einn núll einn) hótel ehf.
<b>Hótel Leifur Eiríksson</b>	Skólavörðustígur 45, 101 Rvk.	590299-3759	Hótel Leifur Eiríksson ehf.
<b>Hótel Smári</b>	Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur	631215-0680	Hótel Smári ehf.

(\* Kennitölur og nöfn eigenda/móðurfyrirtækis eru birtar til upplýsingar og með fyrirvara um lokanir, gjaldprot, breytingar á eignarhaldi o.s.frv. Vinnustöðvun tekur til staðsetningar viðkomandi rekstrar og eftir atvikum fleiri starfsstöðva ofangreindra fyrirtækja á félagssvæði Eflingar sem ekki eru taldar upp.)

Vinnustöðvun félagsmanna Eflingar á ofangreindum vinnustöðum er með þeim hætti að félagsmenn mæta til vinnu og inna af hendi venjubundna vinnuskyldu sína en með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru ef og þegar vinna fellur á viðeigandi dagsetningu sbr. neðangreint. Á tilgreindum dögum eða dagabilum tekur vinnustöðvun gildi klukkan 00:01 þann dag sem hún hefst og lýkur klukkan 23:59 þann dag sem henni lýkur.

- Frá og með 18. mars 2019 til og með 21. mars 2019:
  - o Starfsmaður vinnur einungis störf sem tilgreind eru í starfslýsingu hans.
- Frá og með 23. mars 2019 til og með 27. mars 2019:
  - o Starfsmaður vinnur einungis störf sem tilgreind eru í starfslýsingu hans.
  - o Starfsmaður þrífur ekki klósett.
  - o Starfsmaður þrífur ekki sameiginleg rými.
- Frá og með 30. mars 2019 til og með 22. apríl 2019:
  - o Starfsmaður vinnur einungis störf sem tilgreind eru í starfslýsingu hans.
  - o Starfsmaður þrífur ekki klósett.
  - o Starfsmaður þrífur aðeins þau herbergi sem gestir hafa útritað sig úr.
  - o Starfsmaður þrífur ekki sameiginleg rými.
  - o Starfsmaður sinnir ekki morgunverði gesta.
- Frá og með 26. apríl 2019 til og með 30. apríl 2019:
  - o Starfsmaður vinnur einungis störf sem tilgreind eru í starfslýsingu hans.
  - o Starfsmaður þrífur ekki klósett.
  - o Starfsmaður þrífur aðeins þau herbergi sem gestir hafa útritað sig úr.
  - o Starfsmaður þrífur ekki sameiginleg rými.
  - o Starfsmaður sinnir ekki þvotti.
  - o Starfsmaður sinnir ekki morgunverði gesta.

Starfsmönnum sem vinnustöðvunin tekur til er áskilinn fullur réttur til greiðslu launa fyrir störf sín utan ofangreindrar vinnustöðvunar og fyrir störf sem kann að vera bætt við starfsskyldur þeirra í stað þeirra sem vinnustöðvunin tekur til.

Atkvæðagreiðslunni skal lokið eigi síðar en kl. 22:00, fimmtudaginn 14. mars 2019.